

hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekju-tryggingar njóta, sbr. a.-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 1. gr. 1. nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi krónunnar, sem skráð er hér á landi við opnun banka þann 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag), skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð þar á eftir. Ákvörðun þessi gildir fyrst um sinn og uns annað kann að verða ákveðið, þó þannig að verði veruleg breyting á gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendri mynt, skal við tollafgreiðslu strax á eftir miðað við nýja gengið.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður, þegar gengi íslenskrar krónu er ekki skráð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. janúar 1979 og skal skráð sölugengi hinn 28. desember 1978 gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir janúar 1979.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1978.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla.

I. KAFLI

Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.

2. gr.

Skólustjóri skal gera áætlun um gæslustörf fyrir byrjun hvers skólaárs. Fari áætlun fram úr gildandi reglum um greiðslur ríkissjóðs þarf skriflegt samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar.

3. gr.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun eða starfshæfni sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Skólustjóri ræður starfslið til gæslu að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í umboði hennar.

4. gr.

Gæslufólk skal leitast við að veita nemendum hliðstæða umhyggju og vernd og þeir njóta á heimilum sínum. Gæslufólk skal halda uppi jákvæðum aga, hvetja nemendur og leiðbeina þeim um góða umgengni, reglusemi og háttvísi.

5. gr.

Í öllum heimavistar skólum skal aðbúnaður vera þannig að nemendur geti notið sem best hvíldar og næðis utan skólatíma. Einnig sé góð aðstaða til tómtunda- og félagsstarfa. Ennfremur skal þess gætt að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavistar.

6. gr.

Dvöl í heimavist skal vera eins stutt og mögulegt er án þess að námið skerðist af þeim sökum, svo að tengsl barnanna við heimili þeirra rofni sem minnst. Æskilegt er að nemendur séu ekki lengur en 4 nætur að heiman í senn, nema 6 daga skólavika sé talin nauðsynleg, þá 5 nætur.

7. gr.

Miðað við vikulega gæsluþörf með heimavistarnemendum, sem koma í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fara úr skóla kl. 16.15 á föstudögum og almennar aðstæður skulu greiðslur úr ríkissjóði fyrir gæslustörf miðaðar við eftirfarandi:

Fjöldi nemenda í heimavist	Gæslustundabörf
6— 10 nem.	26.63 klst.
11— 20 nem.	26.63 klst. + 0.91 á nem. umfram 10
21— 50 nem.	35.75 klst. + 0.33 á nem. umfram 20
51— 80 nem.	45.50 klst. + 0.82 á nem. umfram 50
81—100 nem.	70.12 klst. + 0.84 á nem. umfram 80
101 nem.	87.00 klst. + 0.50 á nem. umfram 100

Menntamálaráðuneytið úrskurðar gæsluþörf umfram framanritað, ef rökstudd beiðni þess efnis kemur frá skólum m. a. af eftirtöldum ástæðum:

- að skóli hefjist fyrr á mánudögum,
- að heimavistarhús séu tvö eða fleiri,
- að 6 daga kennsluvika sé talin nauðsynleg vegna skerts námstíma,
- að nemendur þurfi að dvelja í heimavist yfir helgi sökum veðurs, samgangna eða af öðrum ástæðum,
- að annir séu tvær vikur eða fleiri í senn, vegna samgönguferfiðleika.

8. gr.

Sveitarfélög, er standa að rekstri heimavistar skóla, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.

II. KAFLI.

Starfsmannafundir

9. gr.

Í heimavistar- og heimanakstursskólum skal skólastjóri eða heimavistarstjóri í hans stað, halda reglulegan starfsmannafund í upphafi skólaárs. Leggur hann þar fram drög að áætlun um skipulag heimavistar, umgengnisreglur og gæslustörf. Halda skal annan reglulegan starfsmannafund síðar á skólaárinu.

10. gr.

Á reglulega starfsmannafundi skal boða allt starfsfólk skóla. Skytt er fastráðnu starfsfólki að sækja þessa fundi, enda séu þeir haldnir í daglegum vinnutíma þess.

11. gr.

Skólastjóri (heimavistarstjóri) boðar til starfsmannafunda og stjórnar þeim eða setur fundarstjóra í sinn stað, og skipar fundarritara. Fundargerð skal færa í gjörðabók.

12. gr.

Boða skal til sérstaks starfsmannafundar, æski þriðjungur fastráðinna starfsmanna þess og skal þá tilgreina fundarefni. Þá getur skólastjóri boðað til aukafundar.

13. gr.

Skólastjórar heimavistar- og heimanakstursskóla boða ókumenn, er flytja nemendur, á reglulega starfsmannafundi og aðra starfsmannafundi ef skólastjóra þykir ástæða til.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. og 37. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og gildir frá 1. september 1978. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 435/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 429.

8. desember 1978.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks, Hellu.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Rangár Apóteks, Hellu vera sem hér segir:

Mánudaga-föstudaga kl. 9.15-12.25 og kl. 14-17.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 8. desember 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.